

Siglufirði, 25. mars 2022.


Til þeirra sem málið varðar.

Ég rita þessi orð til áréttingar bréfi mínu frá 21. október 2021, vegna fyrirhugaðrar sölu prestsbústaða á Íslandi, nema þar sem söguleg eða menningarleg rök þykja mæla með öðru.

Þegar kirkja og prestsetur voru flutt frá Siglunesi til Siglufjarðar, snemma á sautjándu öld, var Hvanneyrarhóll valinn fyrir þá starfsemi. Þar var kirkjan til 1890 og prestur hefur búið þar í rúmar fjórar aldir. Þar var kirkjugarður prestakallsins/sóknarinnar í nær þrjár aldir.

Sr. Bjarni Þorsteinsson, tónskáld og prófessor, bjó á Hvanneyri í áratugi og í garðinum hvíla hann og eiginkona hans, Sigríður Lárusdóttir Blöndal, og þar er minnisvarði um þau sem fólk vitjar reglulega.

Þegar minnst var 150 ára ártíðar sr. Bjarna, var reistur minnisvarði, veglegur turn, í garðinum, þar sem kirkjurnar höfðu staðið frá 1614, ein af annarri. Meðfylgjandi er teikning frá 1857 af kirkjunni sem þá stóð hér, sem og prestsetri.



Hvanneyri í Siglufirði 1857.

Hreppurinn var frá 18. öld nefndur eftir Hvanneyri og kallaður Hvanneyrarhreppur, og prestakallið Hvanneyrarprestakall. Prestakallið er ekki kennt við Siglufjörð fyrr en 1951.



Sr. Bjarni og fjölskylda framan við þáverandi prestsetur.

Núverandi prestsetursbústaður var byggður 1936–1937 eftir teikningu Guðjóns Samúelssonar, húsameistara ríkisins, og þar bjó fyrstur sr. Óskar J. Þorláksson, síðar dómprófastur. Fasteignaverð á Siglufirði er ekki mjög hátt og auk þess er ýmislegt sem þarf að gera húsinu til góða sem myndi koma fram í lægra söluverði. Það er því verulega misráðið að ætla að fórna þessu húsi á altari Mammons.



Núverandi prestsetur í byggingu. Eldra prestsetrið hægra megin.

Í augum Siglufirðinga er Hvanneyri á vissan hátt helgur staður, eins og Siglufjarðarkirkja. Sóknarbörnin hafa iðulega getað hitt prest sinn á skrifstofunni á Hvanneyri og gera enn. Það er undantekning ef hist er í safnaðarheimili kirkjunnar.

Sólin hverfur úr Siglufirði 15. nóvember ár hvert. Sólardagurinn, þegar hún kemur aftur eftir rúmlega 10 vikna fjarveru, var lengi vel 27. janúar, og þá miðað við þegar sólin fór að varpa geislum sínum á höfuðbólið, prestsetrið. Eftir að byggð fór að myndast ofar í hlíðinni var þessu hins vegar breytt til 28. janúar og þá miðað við Ráðhústorg. Enn eru þó margir Siglufirðingar sem halda sig við 27. janúar, eins og upphaflega var.

Þetta var með öðrum orðum miðdepill Siglufjarðar.

Og Siglufjarðarbær er að stærstum hluta byggður út úr landi Hvanneyrar. Það er líka ástæðan fyrir því hve vel hann er skipulagður. Um það sá, og utan um hélt, sr. Bjarni.

Hvanneyrarhóllinn er því samofinn sögu Siglufjarðar, kristni sem og mannlífs. Núverandi kynslóðir ættu í raun ekki að hafa ekki heimild til að rjúfa þessa sögulegu hefð vegna tímabundins fjárhagsvanda Þjóðkirkjunnar.

Vinsamlegast.

Sigurður Ægisson, sóknarprestur,  
Hvanneyrarbraut 45,  
580 Siglufirði.